

Samgöngu- og sveitastjórnaráðuneytið
Samgöngu- og fjarskiptamál
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík
srn@srn.is



Reykjavík, 14. ágúst 2020

Efni: Umsögn SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar um áform um lagasetningu vegna uppbyggingar og reksturs flugvalla og veitingu flugleiðsögupjónustu

SAF – Samtök ferðaþjónustunnar hafa yfirfarið áform um lagasetningu vegna uppbyggingar og reksturs flugvalla og veitingu flugleiðsögupjónustu. Tilgangur lagasetningarinnar er að setja lög sem sameina þrenn lög sem í dag fjalla um uppbyggingu og rekstur flugvalla og veitingu flugleiðsögupjónustu. Ástæða lagasetningarinnar er m.a. að ákvæði núgildandi laga eru dreifð, takmörkuð og að einhverju leyti úrelt. Þá vantar skýr ákvæði um hlutverk flugvalla í heildarsamgöngukerfi landsins og hvernig stefnumörkun samgönguyfirvalda skuli framfylgt.

SAF – Samtök ferðaþjónustunnar vilja koma á framfæri eftirfarandi ábendingum varðandi áform um lagasetninguna:

Samtök ferðaþjónustunnar fagna umræddum áformum enda hafa samtökin ávallt verið fylgjandi einföldun á lögum og reglugerðum sem hafa það að markmiði að gera þann ramma sem unnið er eftir skýrari.

Samtökin vilja taka fram að vinna við boðaða lagasetningu verður að fara fram í góðu og öflugum samstarfi við alla þá hagsmunaaðila sem undir lögin falla.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar

Gunnar Valur Sveinsson